

Föstudaginn 26. apríl 1996.

Nr. 39/1996.

**Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Heiðari Þór Guðmundssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.) og

**Hafþóri Inga Samúelssyni**

(Haraldur Blöndal hrl.)

Þjófnaður. Frávísun máls að hluta. Ákæra.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1996 í samræmi við yfirlýsingar ákærðu um áfrýjun. Ákærði Heiðar áfrýjaði til endurskoðunar héraðsdóms samkvæmt a-, b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann sýknu af B-lið ákæru, en að öðru leyti, að refsing verði milduð. Ákærði Hafþór krefst aðallega sýknu, en til vara, að sér verði gerð vægasta refsing að lögum. Ákærvald krefst staðfestingar héraðsdóms.

Meðákærði í héraði unír héraðsdómi.

**I.**

Við munnlegan málflytning fyrir Hæstarétti var því haldið fram af hálfu ákærða Heiðars, að niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu hans væri að nokkru reist á röngum forsendum. Í fyrsta lagi væri sú ranga ályktun dregin í héraðsdómi, að ákærði Heiðar hefði komið til fundar 18. ágúst 1995 við ákærða Hafþór í bifreið af sömu gerð og notuð var í innbrotum þeim á Ströndum, er getur í B-lið ákæru. Samkvæmt gögnum málsins er hér um að ræða tvær bifreiðar af gerðinni Subaru, önnur þeirra grá bifreið, „Subaru Justy“, skráningarmarki KU 498, en hin „Subaru Legacy“-bifreið með skráningarnúmerinu OV 633. Í öðru lagi er af hálfu ákærða Heiðars bent á, að í héraðsdómi segi, að hann hafi viðurkennt að hafa farið til Hólmavíkur með nafngreindum manni í „greint sinn“, það er að

segja, þegar hinn síðarnefndi framdi innbrot þau, sem B-liður ákæru varðar. Hið rétta sé, að ákærði Heiðar hafi einungis viðurkennt að hafa farið með manni þessum til Hólmavíkur 16. ágúst 1995 og borðað þar um klukkan 18 til 19, en ekið svo til baka til Reykjavíkur. Í ferðinni hafi þeir ekki komið til Drangness.

Þau atriði, sem hér greinir, þykja ekki raska því mati héraðsdómara, sem reist er á fleiri atriðum, að sök ákærða Heiðars sé sönnuð. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með vísun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða Heiðars.

## II.

Fyrir Hæstarétt voru lögð nokkur ný gögn, þeirra á meðal nýtt sakavottorð ákærða Heiðars og úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. mars 1996. Í sakavottorðinu kemur meðal annars fram, að eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms var ákærði dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur 19. mars 1996 í fimm mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með áðurnefndum úrskurði var honum gert að sæta gæsluvarðhaldi, þar til dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli hans „frá 19. mars 1996 getur komið til fullnustu eða dómur Hæstaréttar í máli dómfellda, sem héraðsdómur gekk í 8. desember 1995, liggur fyrir . . .“. Úrskurður þessi var staðfestur með dómi Hæstaréttar 22. mars 1996.

Ákærði hefur samkvæmt þessu setið í gæsluvarðhaldi frá 19. mars 1996. Lýsti saksóknari yfir því hér fyrir dómi, að fallist væri á, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá og með þeim degi kæmi til frádráttar refsingu, sem dæmd yrði í máli þessu.

## III.

Þegar litið er til þess, sem rakið er í II. kafla, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöður hans um ákvörðun refsingar og sakarkostnað, að því er varðar ákærða Heiðar, að öðru leyti en því, að frá refsingu hans dragist gæsluvarðhaldsvist hans, eins og nánar segir í dómsorði.

## IV.

Ákærða Hafþóri er í D-lið ákæru gefið að sök að hafa tekið við til vörslu hjá ákærða Heiðari „öllum vindlingalengjunum og ferða-

töskunum“, sem stolið var í innbrotum samkvæmt B-lið ákæru, þrátt fyrir það að honum væri ljóst, að þetta væri þýfi. Í B-lið ákæru er þýfi þetta talið vera annars vegar tóbak, sem stolið var við innbrot í verslun kaupfélags á Drangnesi, alls að verðmæti um 120.000 krónur. Hins vegar er þýfið úr innbroti í verslun kaupfélags á Hólmavík, þrjár ferðatöskur og tóbak, að verðmæti um 391.000 krónur. Í gögnum málsins er ekki nægilega skýrt, hvernig fjárhæðir þessar eru reiknaðar, en svo virðist sem í þeim felist ekki aðeins verðmæti vindlinga, heldur einnig annars tóbaks.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti voru afhentar nokkrar lögregluskýrslur um muni þá, sem á var lagt hald á þáverandi vinnustað ákærða Hafþórs, veitingastaðnum Hafnarkránni í Reykjavík. Munir þessir, meðal annars vindlingalengjur og töskur, eru ekki metnir til verðs í gögnum lögreglu. Af hálfu ákæruvalds voru ekki lagðar fram haldbærar upplýsingar um hina haldlögðu muni; til dæmis hefur ekki verið gerð grein fyrir, til hverra af munum þessum D-liður ákæru tekur. Máltilbúnaður ákæruvalds varðandi sakargiftir á hendur ákærða Hafþóri er því að þessu leyti óglöggur og fullnægir ekki þeim kröfum, sem gerðar eru í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þykir því ekki verða hjá því komist að vísa sjálfkrafa frá héraðsdómi kröfum ákæruvaldsins á hendur honum.

Um greiðslu sakarkostnaðar fer eins og greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða Heiðar Þór Guðmundsson, að öðru leyti en því, að til frádráttar refsingu hans komi, auk gæsluvarðhaldsvistar í 76 daga, gæsluvarðhald frá 19. mars 1996.

Ákærði Heiðar greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti svo og saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, vegna rekstrar málsins fyrir Hæstarétti. Annan áfrýjunarkostnað málsins greiði ákærði Heiðar að 2/3 hlutum.

Kröfum ákærvaldsins á hendur ákærða Hafþóri Inga Samúelssyni er vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður ákærða Hafþórs í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði, Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur, og skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. desember 1995.**

Ár 1995, föstudaginn 8. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktisdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1157/1995: Ákærvaldið gegn Hafþóri Inga Samúelssyni, Heiðari Þór Guðmundssyni og C, sem tekið var til dóms 29. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. nóvember 1995, gegn ákærðu, Hafþóri Inga Samúelssyni, Asparfelli 2, Reykjavík, kennitala 100874-5399, Heiðari Þór Guðmundssyni, Mánagötu 3, Grindavík, kennitala 130758-6499, B og C, „fyrir eftirgreind brot, framin 1995:

A. Ákærða Heiðari Þór eru gefin að sök eftirgreind brot aðfaranótt föstudagsins 7. júlí:

1. Að hafa brotist inn í Tækniskóla Íslands, Höfðabakka 9, Reykjavík, í félagi við annan mann og stolið sjónvarpi, sambyggðum hljómtækjum, tveimur hátölurum og tveimur tölvum ásamt fylgihlutum, samtals að verðmæti 628.000 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Að hafa síðastgreinda nótt gangsett í heimildarleysi bifreiðina R-74234 við Blöndubakka 10, Reykjavík, með því að tengja rafmagn fram hjá ræsilás, og ekið henni í innbrot í Tækniskóla Íslands, sbr. ákærulið A.1, og þaðan um götur borgarinnar og á kyrrstæðu bifreiðina R-7234 við hús nr. 1 við Skógargerði, þar sem ákærði skildi bifreiðina eftir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

B. Ákærðu Heiðari Þór og C eru gefnir að sök eftirgreindir innbrotsþjófnaðir, sem ákærðu frömdu í félagi aðfaranótt fimmtudagsins 17. ágúst:

1. Að hafa brotist inn í bensínafgreislu Skeljungs hf. á Drangnesi, brotið upp peningakassa afgreiðslunnar og stolið 31.522 krónum í tékkum og reiðufé.

2. Að hafa brotist inn í hraðfrystihús Hólmandrangs á Drangnesi og stolið tölvu af gerðinni Ambra 486, tölvuprentara og símsenditæki, samtals að verðmæti um 165.000 kr.

3. Að hafa brotist inn í verslun Kaupfélags Steingrímsfjarðar á Drangnesi og stolið tóbaki, að verðmæti alls um 120.000 kr., geisladiskum og hljómsnældum, að verðmæti um 190.000 kr., og um 241.000 krónum í tékkum og reiðufé.

4. Að hafa brotist sömu nótt inn í verslun Kaupfélags Steingrímsfjarðar við Höfðatún á Hólmavík og stolið tveimur útvarpstækjum, reiknivélum, símtæki, rakvél, sex úrum, fjórum straumbreytum, fjórum hljómheyrnar-tækjum, þremur ferðatöskum, tóbaki, að verðmæti um 391.000 kr., og spennt upp peningaskáp og stolið úr honum um 220.000 kr. í tékkum og reiðufé og greiðslukortavittunum, að verðmæti um 151.000 kr.

Telst háttsemi samkvæmt B-kafla ákæru varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

C. Ákærða C er gefið að sök að hafa ...

---

D. Ákærða Hafþóri Inga er gefin að sök hylming með því að hafa á vinnustað sínum, Hafnarkránni, Hafnarstræti 9, Reykjavík, föstudaginn 18. ágúst tekið við til vörslu hjá ákærða Heiðari Þór öllum vindlingalengjunum og ferðatöskunum, sem ákærði Heiðar Þór og C höfðu stolið nóttina áður, þrátt fyrir það að honum væri ljóst, að um þýfi var að ræða.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

E. Ákærðu Heiðari Þór og B er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 3. október brotist í félagi tvisvar inn í bílasölu Garðars, Nóatúni 2, Reykjavík, og stolið í fyrra skiptið móðurtölvu af gerðinni More 486, tölvuskjá, tölvu af gerðinni Victor, tölvulyklaborði, símsenditæki og haglabyssu, samtals að verðmæti um 400.000 kr., og í síðara skiptið stolið tveimur tölvum, símsenditæki og tölvuprentara, samtals að verðmæti um 200.000 kr., sem ákærðu höfðu fært að útidrym bílasölnnar, er lögreglumenn komu að þeim á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta. Krafist er vaxta til greiðsludags, nema annað sé tekið fram.

Bótakröfur, er varða ákærðu báða:

Jón E. Alfreðsson kaupfélagsstjóri krefst vegna Kaupfélags Steingrímsfjarðar 689.490 króna ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. ágúst 1995, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga, Vátryggingafé-

lag Íslands hf., kt. 690689-2009, krefst 21.690 króna ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 18. ágúst 1995, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

---

Ákærði Heiðar Þór hefur játað sakargiftir á hendur sér í 1. og 2. tl. A-kafla ákæru svo og E-kafla ákæru. Með skýlausri játningu hans þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þau brot, sem honum eru þar að sök gefin og þar eru réttilega heimfærð til refsíákvæða.

---

Hins vegar hefur ákærði Heiðar Þór þverneitað sakargiftum á hendur sér í B-kafla ákæru, og ákærði Hafþór Ingi hefur enn fremur neitað sakargiftum, sem á hendur honum er lýst í D-kafla ákæru. Hér á eftir verður því sérstaklega fjallað um þessa kafla ákæru.

B- og D-kafla ákæru.

Aðfaranótt fimmtudagsins 17. ágúst sl. var brotist inn í Kaupfélag Steingrímsfjarðar á Hólmavík og þaðan stolið þeim verðmætum, sem í 4. tl. B-kafla greinir. Í skýrslum lögreglu var þess getið, að vitni höfðu séð bifreið af gerðinni Subaru Legacy á þessum tíma og gefið lýsingu á öikumanni hennar. Sú lýsing kom heim og saman við ákærða C. Rannsóknarlögreglumenn frá RLR fóru á vettvang, tóku skýrslur og könnuðu vettvang og ljósmynduðu. Þar fundust skóför, sem Bjarni Bogason rannsóknarlögreglu maður lyfti og bar saman við skó, sem tengdust rannsókn málsins, svo sem síðar verður rakið. Sömu nótt var einnig brotist inn í þrjú fyrirtæki á Drangnesi, sem getið er í 1. – 3. tl. B-kafla ákæru, og þar stolið þeim verðmætum, sem þar greinir. Öll innbrotin uppgötvuðust að morgni næsta dags. Sést hafði til ferða bifreiðarinnar á Drangnesi, og var talið, að númer hennar væri OV eða OX og að hún væri merkt ÁG-bílaleigu. Ferða hennar varð einnig vart í Bjarkarlundi.

Ákærði var handtekinn kl. 17.00 17. ágúst við Ástún 12 í Kópavogi á ljósbrúnni skutbifreið OV-633, af gerðinni Subaru Legacy, sem var mjög óhrein. Þar býr vinstúlka ákærða, sem tók bifreiðina á leigu 15. ágúst. Hún hefur gengist við að hafa tekið bifreiðina á leigu fyrir ákærða. Við handtöku fundust 43.400 krónur á ákærða. Hann var klæddur í strigaskó. Við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu og fyrir dómi 18. ágúst í tilefni kröfu um gæsluvarðhald á hendur honum neitaði hann sakargiftum. Kvaðst hann hafa farið í þriggja daga ferð á bifreiðinni, sem Jóhanna hefði tekið á leigu fyrir sig. Hann hafi farið vestur í Dalí, í Bjarkarlund og til Hólmavíkur. Hann hafi verið á Hólmavík um kl. 22 miðvikudagskvöldið 16. ágúst. Með honum hafi verið karlmaður, en hann kvaðst ekki vilja blanda honum í

málið til að valda honum ekki vandræðum. Hann hafi lagt af stað vestur að morgni 16. ágúst og komið til baka aðfaranótt 17. sama mánaðar. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald síðdegis 18. ágúst.

Að morgni föstudagsins 18. ágúst lagði lögregla hald á stóra, svarta ferðatösku fulla af tóbaki á Hafnarkránni í Reykjavík, sem reyndist vera úr innbrotinu í Kaupfélag Steingrímsfjarðar á Hólmavík. Í skýrslu um leit á staðnum kemur fram, að í kjallara fannst taskan, við skrifborð í kjallara krárinnar, einnig trékassi í ísskáp með talsverðu magni af smámynt, íþrótta-taska með talsverðu magni af tóbakslengjum, taska með fatnaði, ferðageislaspilurum, myndavél o. fl. auk talsverðs magns tóbaks í lengjum og lausu. Ákærði Hafþór Ingi, barþjónn á Hafnarkránni, var með lykla að ferðatöskunni. Í skýrslunni kemur fram, að Hafþór Ingi hafi tjáð lögreglu, að hann hafi hitt mann á Bíóbarnum, sem hann vissi engin deili á, og þessi maður beðið sig að geyma töskuna. Hann hafi síðan hitt manninn við höfnina, og þar hafi maðurinn fengið sér töskuna. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 19. ágúst kvaðst Hafþór Ingi hafa tekið töskuna í geymslu ásamt tveimur öðrum töskum og einum trékassa frá ákærða Heiðari Þór. Í tveimur taskanna var mikið magn af vindlingalengjum.

Um kl. 18.00 sama dag fannst mikið þýfi í kjallaraíbúð í Stóragerði 10 í kjölfar tilkynningar til lögreglu þess efnis, að þar væru undarlegar mannaferðir og hugsanlegt fíkniefnamisferli. Fóru lögreglumenn úr rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík á vettvang. Við rannsókn RLR, sem einnig fór á vettvang, kom í ljós, að hluti þess var úr innbrotum þeim, sem hér er um fjallað. Á þröskuldi, þar sem gengið er inn í herbergi, fannst hluti skófars sömu gerðar og tæknideild RLR fann á vettvangi á Drangnesi og Hólmavík. Kjallaraíbúðin var á vegum refsifanga á Litla-Hrauni. Þarna fannst m. a. mikið magn skotfæra, tækja, kúbein og gönguskór.

Ákærði Heiðar Þór var handtekinn aðfaranótt 19. ágúst í kjölfar tilkynningar um, að hann hefði farið með afsagaða haglabyssu á heimili barna sinna og skotfæri. Leitudu vopnaðir sérsveitarmenn hans. Hann var handtekinn í bifreiðinni Y-525 á Haðarstíg, skömmu eftir að hann fór úr Hafnarkránni í Hafnarstræti. Við handtöku fundust á honum 20.000 krónur í 5.000 króna seðlum. Í bifreiðinni fannst afsöguð, hlaðin haglabyssu milli framsæta og ýmiss konar skotfæri. Þá fundust í bílnum tækjar og annað þýfi úr innbrotinu í Kaupfélag Steingrímsfjarðar á Drangnesi. Í kjölfar handtöku og yfirheyrslu var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald 19. ágúst. Hann hefur frá upphafi neitað sakargiftum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 3. september sl. og við meðferð málsins játaði ákærði C sakargiftir. Við yfirheyrsluna skýrði hann svo frá, að hann

hefði verið þarna að verki ásamt meðákærða Heiðari Þór. Þeir hafi verið saman umrætt sinn á ferð og brotist í félagi inn á þessa staði. Kvöldið áður hafi þeir komið á Hólmavík og fengið sér að borða, en síðan haldið til Drangsness. Þeir hafi fyrst brotist inn í hraðfrystihúsið Hólmadrang. Þar hafi þeir farið inn um opnar dyr, en innan dyra skriðið inn um opinn glugga. Þar hafi þeir stolið tölvubúnaði og símtæki. Þessu næst hafi þeir brotist inn í kaupfélagið á Drangnesi með því að brjóta upp hurð í bakdyrum og farið þar báðir inn og stolið tékkum og peningum, að hann minnti, um 160.000 krónum. Hann taldi, að þeir hefðu hent öllum tékkunum á leiðinni, mundi ekki hvar. Þarna hafi þeir líka stolið 45 kartonum af sígarettum og geisladiskum. Í bensínafgreiðslu Skeljungs hafi þeir brotist inn með því að brjóta upp hurð að framdyrum. Þar hafi þeir brotið sundur sjóðsvél og tekið neðri hlutann með sér. Þeir hafi brotið hann upp skammt frá, tekið peningana og tékkana og skipt með sér, en hent kassanum þar skammt frá. Peningunum hafi þeir skipt með sér, en hann minnti, að þeir hefðu hent tékkunum á leiðinni. Inn í kaupfélagið á Hólmavík hafi þeir brotist með því að brjóta upp framdyrahurð og farið þar inn. Þar hafi þeir stolið peningum og tékkum, útvarpstæki, síma, ferðatöskum, reiknivélum, talsverðu tóbaki af ýmsum gerðum og tölvuúrum. Að loknum innbrotunum hafi þeir ekið rakiðis til Reykjavíkur að Stóragerði 10. Þar hafi þeir geymt þýfið, en skipt með sér peningunum, hluta þeirra hafi hann verið með á sér við handtöku. Hann kvaðst telja, að Heiðar Þór hefði verið í gönguskóm í ferðinni, sem C kvaðst sjálfur eiga og bar kennsl á á myndum RLR af vettvangi að Stóragerði 10. Þó hafi þeir báðir notað þessa skó á víxl, og kvaðst hann því ekki vera viss um þetta. Lýsing hans á innbrotunum og þýfi því, sem hann jatar að hafa stolið þar, kemur heim og saman við önnur gögn um innbrot þessi.

Ákærði C viðurkenndi einnig sakargiftir við meðferð málsins. Framburður hans var á sama veg og fyrir lögreglu að öðru leyti en því, að ákærði kvaðst hafa verið einn að verki og kannaðist ekki við, að meðákærði Heiðar Þór hefði verið með sér í umræddri ferð; hann hafi verið einn síns liðs. Hann kvaðst ekki vita, hvað varð af þýfinu, eftir að hann fór með það í Stóragerði 10, er hann kom í bæinn. Hann hafi farið rakiðis með þýfið þangað einn síns liðs og sett það í ferðatöskur. Heiðar Þór hafi ekki komið með sér þangað. Hann kvað skýringuna á breyttum framburði sínum þá, að hann hefði setið lengi í gæsluvarðhaldi og vildi fara úr einangrun í lausagæslu. Við þingfestingu málsins lýsti hann hins vegar yfir því, að þætti ákærða Heiðars Þórs væri rétt lýst í ákæru. Hann gaf ekki aðra skýringu á þeim breytta framburði en þá, að hann myndi ekki eftir að hafa sagt þetta, enda væri hann orðinn ruglaður af langri veru í gæsluvarðhaldi.

Svo sem að framan greinir, hefur ákærði Heiðar Þór neitað sakargiftum. Hann hefur sagt, að hann hafi farið frá Reykjavík á Subaru-skutbifreið með ákærða C að morgni miðvikudags 16. ágúst sl. Var ferðinni heitið á Ísafjörð í þeim tilgangi „að hvíla sig á bænum“. Þeir hafi ekið í Bjarkarlund og yfir Þorskafjarðarheiði, en orðið ósáttir og snúið til baka, ekið Steingrímsfjarðarheiði til Hólmavíkur og borðað þar um kl. 18.00 – 19.00, en svo ekið til baka til Reykjavíkur. C hafi ekið bifreiðinni. Þeir hafi ekki ekið um Drangnes. Hann kvaðst hafa komið næsta föstudag í Stóragarði 10 á bifreið sinni, KU-498, en ákærði C hafi haft lykla að kjallaraíbúðinni. Þangað hafi hann komið einu sinni áður, um hálfum mánuði áður með C. Hann hafi tekið þar traustataki þrjár eða fjórar töskur með tóbaki og kassa með skiptimynt, afsagaða haglabyssu og eitthvað af tékkum, sem voru í Subaru-bílnum, og sett í bifreið, sem hann var á. Hann hafi verið í vandræðum með, hvað hann hafi átt að gera við þær, og því beðið ákærða Hafþór Inga, sem hann kannaðist við, að geyma þær á vinnustað hans, Hafnarkránni. Hafþór Ingi hafi ekki vitað, hvað í töskunum var. Hann hafi hringt í hann á Hafnarkrána og beðið hann að hitta sig við Kringlukrána. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann hefði skipst á skóm við meðákærða, en C hefði selt sér skó. Hann kannaðist ekki við gönguskó þá, sem fundust í Stóragarði 10.

Ákærði Hafþór Ingi hefur viðurkennt, að hann hafi tekið við töskunum af meðákærða Heiðari Þór. Hins vegar hefur hann neitað að hafa vitað, að í þeim hafi verið þýfi. Hann kvaðst hafa geymt þær að beiðni meðákærða og engan grun haft um það, að þær hefðu að geyma þýfi. Við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu 19. ágúst kvaðst hann hafa tekið töskurnar í pant af einhverjum Jónasi, sem skuldaði sér peninga. Maðurinn hefði hringt að kvöldi fimmtudagsins 17. ágúst og þeir mælt sér mót á Norðurgarði á Granda. Þar hafi þeir hist milli klukkan 2 og 3 um nóttina og hann tekið þar við ferðatösku og minni tösku ásamt trékassa. Hann hafi ekki vitað um innihaldið, fyrr en lögreglan sagði honum það. Hann hafi haft lykilinn að stóru töskunni og læst henni, svo að enginn óviðkomandi hefði aðgang að henni. Síðar sama dag kvaðst ákærði vilja greina rétt frá. Hann skýrði svo frá, að meðákærði hefði haft símsamband við sig í gær, þ. e. föstudaginn 18. ágúst, þar sem hann var við störf á Hafnarkránni, og í tal hafi borist, hvort hann gæti geymt dót fyrir Heiðar Þór og væri reiðubúinn að hitta hann. Hann hafi ekki vitað, hvað hann átti að geyma fyrir Heiðar Þór. Það hafi hins vegar komið fram í símtalinu, að Heiðar Þór hefði verið í felum fyrir lögreglunni og þyrfti því að geyma þessa hluti. Í skýrslunni er skráð, að hann hafi grunað, að um væri að ræða þýfi, þar sem hann hefði lesið í dagblöðum umfjöllun um innbrot. Hann hafi farið einn og hitt Heiðar Þór fyrir utan

Borgarkringluna. Þar hafi hann verið á ljósgrárrí Subaru-bifreið. Þarna hafi Heiðar Þór fengið sér þrjár töskur og trékassann. Ekki hafi borist í tal, hvað í töskunum var. Þeir hafi sett töskurnar í bifreið sína og hann síðan ekið á vinnustað sinn, Hafnarkrána. Þá er einnig skráð í skýrsluna, að hann hafi átt að fá einhverja þóknun fyrir að geyma þetta fyrir Heiðar Þór. Hann kvaðst ekki hafa sagt sannleikann í fyrri skýrslu, þar sem hann óttist Heiðar Þór og vilji ekki fá hann upp á móti sér. Það hafi einnig verið ástæðan til, að hann tók við töskunum. Við meðferð málsins skýrði hann frá á sama veg og í síðastgreindri skýrslu um fundi þeirra Heiðars Þórs. Hann neitaði því hins vegar, að hann hefði haft hugmynd um, að í töskunum væri þýfi. Hann hafi ekkert séð athugavert við það, að Heiðar Þór bæði sig fyrir töskurnar; margir kæmu með dót til geymslu, t. d. sjómenn. Einnig væri algengt í slíkum tilvikum, að fólk borgaði fyrir geymsluna. Sig hafi fyrst grunað, að um þýfi væri að ræða, eftir að lögreglumennirnir komu á staðinn og opnuðu töskurnar. Hann kvað sér ekki vera kunnugt um, að meðákærði væri brotamaður, hefði hins vegar heyrt, að hann „væri í eiturfjum“. Hann kvaðst „óbeint“ kannast við þau ummæli í lögregluskýrslu, að Heiðar Þór hefði verið í felum fyrir lögreglu, en kvaðst frekar hafa talið, að hann hefði einnig verið í felum fyrir fólki úr undirheimunum. Það, sem eftir sér væri haft í lögregluskýrslu, að sig hafi grunað, að þetta væri þýfi, m. a., þar sem fjallað hafi verið um þetta í fjölmiðlum, væru hugleiðingar sínar, eftir að lögreglumenn fundu töskurnar.

Eins og getið er að framan, fann Bjarni Bogason rannsóknarlögreglumaður skóför, er hann kannaði vettvang í kaupfélaginu í Steingrímsfirði sama dag og þangað var brotist inn. Voru þau eftir tvenns konar skó, annars vegar íþróttaskó með öldumynstri og hins vegar skó með grófum sóla. Þá fann hann einnig skófar í frystihúsinu Hólmadrangi og bensínafgreiðslu Skeljungs á Drangnesi. Dagana 11. og 12. september bar hann saman förin, sem hann fann, annars vegar við för eftir gönguskó, sem fundust í Stóragerði 10 og ákærði C hefur sagst eiga, og hins vegar við íþróttaskó, er hann var í við handtöku. Er það niðurstaða rannsóknar hans, að báðir skórnir hafi skilið eftir sig far á vettvangi í kaupfélaginu í Steingrímsfirði. Þá er það einnig niðurstaða hans, að skófarið, sem hann fann í frystihúsinu Hólmadrangi og bensínafgreiðslu Skeljungs á Drangnesi, sé eftir gönguskóna.

Við meðferð málsins kom Bjarni fyrir dóminn og staðfesti skýrslur sínar. Þá komu einnig fyrir dóminn og staðfestu skýrslur sínar lögreglumenn þeir, sem fundu þýfið á Hafnarkránni.

*Niðurstæða.*

Ákærði Heiðar Þór var handtekinn tveimur dögum eftir innbrot þau, sem hér er fjallað um. Í bifreið hans fannst þýfi úr innbrotunum. Á honum fundust einnig 20.000 krónur í 5.000 króna seðlum. Hefur hann viðurkennt, að hann hafi tekið traustataki þrjár ferðatöskur, trékassa og ýmislegt fleira, sem stolið var í þessum innbrotum, og afhent þýfið meðákærða Hafþóri Inga til geymslu. Að sögn Hafþórs Inga var hann á ljósri Subaru-bifreið, er hann afhenti þýfið, en bifreið þeirrar gerðar var notuð í innbrot sleidangrunum. Þýfið kvaðst hann hafa tekið traustataki í Stóragerði 10, en þar hafði meðákærði C lykjavöld. Hann hefur og viðurkennt að hafa farið með C til Hólmavíkur greint sinn, en neitar, að þeir hafi komið við á Drangnesi. C hefur slegið úr og í um það, hvort Heiðar Þór hafi verið með honum greint sinn. Í fyrstu neitaði hann öllum sakargiftum. Þegar hann játaði sök sína, kvað hann Heiðar Þór hafa tekið þátt í innbrotunum með sér. Þeir hefðu verið saman í þessari ferð. Þannig skýrði hann einnig frá við þingfestingu málsins, er hann var inntur eftir því, hvort sakargiftum á hendur honum og meðákærða væri rétt lýst. Við meðferð málsins sagði hann hins vegar, að hann hefði verið einn í ferðinni, meðákærði hvergi verið þar nærri. Hvorugur hefur nefnt þriðja mann til sögunnar. Á þremur innbrotstæðanna fundust ummerki þess, að tveir menn hefðu verið að verki. Þar fundust skóför, sem koma heim og saman við að vera af gönguskóm þeirrar gerðar, sem fundust í Stóragerði 10, og skóm, er ákærði C var í við handtöku og kvaðst hafa klæðst í umræddum þjófnaðarleiðangri. Þegar allt framangreint er virt, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði Heiðar Þór hafi brotist í félagi við ákærða C inn á þá staði, sem greindir eru í þessum kafla ákæru, og stolið þar ásamt honum því, sem þar er getið. Með þeirri háttsemi hefur hann brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Hafþór Ingi tók við ferðatöskum og fleira dóti úr margnefndum innbrotum úr hendi ákærða Heiðars Þórs. Hann fór sérstaklega til þess arna á fund Heiðars Þórs um miðja nótt. Þýfið, sem voru þrjár töskur og trékassi með skiptimynt, sótti Hafþór Ingi, svo sem að framan er lýst, og fór með það í geymslu í kjallara vinnustaðar síns, þar sem lögregla fann það. Trékassinn fannst í ísskáp í kjallaranum. Fyrir lögreglu viðurkenndi hann, að sig hefði grunað, að um væri að ræða þýfi, og kvað Heiðar Þór hafa verið í felum fyrir lögreglu. Þá hafi hann átt að fá þóknun fyrir viðvikið. Breyttur framburður hans fyrir dómi er ótrúverðugur, enda hefur ákærði orðið margsaga, bæði hjá lögreglu og í yfirheyrslu fyrir dómi. Hann kveðst hafa frétt, að ákærði „væri í eiturlyfjum“. Eins og í pottinn var búið, hlaut ákærða að vera það ljóst, að um þýfi var að ræða. Með háttsemi sinni hefur ákærði unnið sér til refsingar eftir 254. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Hafþór Ingi hefur hlotið tvo refsídóma, annan 16. september 1994, þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið í þrjú ár, vegna skjalafals og fjársvika, hinn 13. janúar sl., fimm mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár, fyrir sömu brot auk brots gegn 249. gr. almennra hegningarlaga. Fyrri dómurinn var dæmdur upp í þeim dómi. Með broti sínu, sem hér er til umfjöllunar, hefur hann rofið skilorð síðargreinds dóms. Ber því nú samkvæmt 60. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað var um í ofangreindum dómi frá 13. janúar sl., og það brot, sem hér er til meðferðar. Með hliðsjón af sakaferli ákærða svo og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sjö mánuði.

Samkvæmt sakavottorði ákærða C hefur hann frá árinu 1978 gengist fimmtán sinnum undir dómsátt, þar af níu sinnum vegna brota gegn ávana- og fíkniefnum, þrisvar vegna ölvunar á almannafæri, tvisvar vegna brota á umferðarlögum og einu sinni vegna brots gegn 217. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefur hann hlotið frá 1979 fjórtán refsídóma, aðallega fyrir auðgunarbrot, skjalafals, nytjastuld og umferðarlagabrot. Hann hefur samtals verið dæmdur í tveggja ára og tíu mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði skilorðsbundið. Einnig hefur hann verið dæmdur í samtals 135 daga varðhald. Síðast var ákærði dæmdur í fangelsi vegna hegningarlagabrots fyrir rúmum fjórum árum, en frá því hefur hann hlotið þrjú dóma, 30 daga varðhald fyrir fíkniefnabrot, og tvo varðhaldsdóma fyrir réttindaleyssi við akstur, síðast í júní 1993.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða svo og 77. gr. almennra hegningarlaga og því, að brot ákærða eru mörg og stórfelld, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Þá verður einnig litið til þess, að ákærði játaði brot sín greiðlega fyrir dómnum.

Frá refsingu ákærða dragist gæsluvarðhaldsvist, sem hann hefur sætt frá 18. ágúst sl. kl. 17.15 til kl. 16.00 í dag, samtals 112 dagar. Þá þykir og rétt eftir kröfu verjanda ákærða að draga frá refsingu hans gæsluvarðhald hans, er hann sætti í ellefu daga vegna rannsóknar á hendur honum vegna ætlaðra brota, sem hann var sýknaður af með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1994, en ljóst er af bréfi Fangelsismálastofnunar 28. nóvember sl., að þessir dagar hafa ekki komið til frádráttar við fullnustu fyrri refsinga ákærða.

Ákærði Heiðar Þór hefur frá árinu 1974 gengist undir átta dómsáttir, þar af sex fyrir umferðarlagabrot, eina fyrir brot gegn 257. gr. almennra hegningarlaga og eina fyrir ölvun á almannafæri. Hann hefur hlotið átta refsídóma frá árinu 1978, árin 1978, 1982, 1988 og 1991 og 1993 fyrir umferðar-

lagabrot, aðallega ölvun og réttindaleyfi við akstur. Síðastgreint ár var hann einnig dæmdur fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnum, og á síðastliðnu ári hlaut hann tvo dóma, annars vegar 15. júní, fimm mánaða fangelsi, skil-orðsbundið í fimm mánuði, fyrir skjalafals og hins vegar 12. september, sekt fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði Heiðar Þór hefur með brotum þeim, sem hér eru til umfjöllunar, rofið skilorð dómsins frá 15. júní sl. Ber því nú samkvæmt 60. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað var um í ofangreindum dómi, og þau brot, sem hér eru til meðferðar. Með hliðsjón af sakaferli ákærða svo og 77. gr. almennra hegningarlaga og því, að brot ákærða eru mörg og stórfelld, þykir refsing hans hæfilega ákveðin tveggja ára fangelsi. Frá refsingu hans dragist gæsluvarðhaldsvist, sem hann hefur sætt frá 19. ágúst sl. kl. 22.45 til 29. ágúst sl. kl. 16.00 og frá 3. október sl. kl. 19.10 til kl. 16.00 í dag, samtals 76 dagar.

Kröfur þær, sem lýst er í ákæru, er ekki að finna í gögnum málsins, þótt þeirra sé getið á framhlið viðeigandi skjalaskráa. Þegar af þeirri ástæðu er þeim vísað frá dómi.

Ákærði Hafþór Ingi er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Róbert Árna Hreiðarssyni héraðsdómslögmanni, 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærði C er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Ómari Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun og Jóni Sigfúsi Sigurjónssyni héraðsdómslögmanni, sem skipaður var verjandi hans við rannsókn málsins, 40.000 krónur.

Ákærði Heiðar Þór er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, í réttargæslu- og málsvarnarlaun 80.000 krónur.

Annar sakarkostnað er ákærðu dæmdir til að greiða óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði Hafþór Ingi Samúelsson sæti sjö mánaða fangelsi.

Ákærði C sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Frá refsingu hans dragist gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 123 dagar.

Ákærði Heiðar Þór Guðmundsson sæti fangelsi í tvö ár. Frá refsingu hans dragist gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 76 dagar.

Ákærði Hafþór Ingi greiði skipuðum verjanda sínum, Róbert Árna Hreiðarssyni héraðsdómslögmanni, 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærði C greiði skipuðum verjanda sínum, Ómari Stefánssyni hér-

aðsdómslögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun og Jóni Sigfúsi Sigurjónssyni héraðsdómslögmanni 40.000 krónur í réttargæslulaun.

Ákærði Heiðar Þór greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingi-mundarsyni hæstaréttarlögmanni, í réttargæslu- og málsvarnarlaun 80.000 krónur.

Ákærðu greiði annan kostnað óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur.

---